

Skáld.

Í greininni guðir menn og apar, gat eg þess að merking orðsins skáld muni í fyrstu hafa verið: sá sem sér ofsjónir eða fær vitranir. Er enginn vafi á því, að sum skáld hafa ort mjög eftir ofsjónum einsog t. a. m. Dante.

Kunningi minn einn meðal mentamanna, fann að þessari skýringu, þótti hún óvísindaleg. Aðfinningar er það sem eg verð helst var við að greinar minar veki hjá kunningjum mínum; aldrei hefi eg orðið hins var að nokkur leiðbeining hafi komið úr þeirri átt til almennings um, að það sé réttara að vera ekki of fljótur til að halda að eg sé að fara með eitthvert rugl, þó að eg segi eitthvað, sem ekki hefir verið áður sagt. Gæti slíkt þó komið sér vel vegna sumra lesenda minna. Menn geraeigi einungis höfundu heldur einnig sjálfum sér stórskada með því að halda það markleysu, sem er mjög til þekkingarauka.

Enginn skal af því sem sagt hefir verið, ætla að eg sé ekki þakklátur fyrir réttar aðfinningar. Mér er það alvara að vilja vita rétt. Slíkt er fyrir mér ekki aukaatriði. Hefi eg lagt þar mikið við, að gera mér far um að vita réttara en áður. Og ekki árangurslaust. Fyr eða síðar mun það sjást, að eg hefi í aðalatriði aukið þekkingu mannsins (homo stupidus) á sjálfum sér.

Hvað skýringu mína á orðinu skáld snertir, þá er hún alls ekki óvísindaleg, og mun held eg rétt reynast. Lýsingarorðið niðskárr virðist mér nægilega sýna, að orðið skáld muni ekki vera leitt af sögninni að skella, eða skjalla heldur af að ská. Getur verið að sú sé hin eldri mynd orðsins að sjá, svo að skáaldi hafi verið sagt, en aldrei sjáaldi. Orðið skoðun t. d. kynni að benda til þess og eins þýzka orðið schauen. Einnig gyðju-nafnið Skaði, ef það skyldi þýða nokkurnveginn sama sem hin sjálega, spectabilis.

5. nív.

Helgi Pjeturss.

116. 7. máj 1915